



Borgarráð

Samstarfssamningur sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um rekstur skíðasvæðanna

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagðan samstarfssamning sveitarfélaga um rekstur Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins með vísan til hjálagðs bréfs Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 20. janúar 2022.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Bréf frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 20. janúar 2022.

Samstarfssamningur sveitarfélaga um rekstur Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, drög.



Borgarráð Reykjavíkur
Dagur B. Eggertsson
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Kópavogur, 20. janúar 2022
Málsnr. 2104008/PBG/HH

Efni: Skíðasvæðin, samstarfssamningur um rekstur - 2104008

Á 535. fundi stjórnar SSH, hinn 17. janúar 2022, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð:

Skíðasvæðin, samstarfssamningur um rekstur - 2104008

Framhald umræðu frá 532. fundi en fyrirbyggjandi eru drög að endurnýjuðum samstarfssamningi sveitarfélaganna um rekstur skíðasvæðanna og drög að samstarfssamningi skíðasvæðanna og ÍTR. Á 532. fundi var framkvæmdastjóra falið að fullvinna drögin, eftir m.a. umfjöllun í samstarfsnefnd skíðasvæðanna, og leggja fyrir stjórn að nýju. Fyrirliggjandi drög hafa verið til umræðu á fundum samstarfsnefndar skíðasvæðanna, 8. desember 2021 og 12. janúar 2022, og unnin áfram með tilliti til þeirra athugasemda sem þar komu fram.

Eru samningsdrögin nú lögð fram til samþykktar stjórnar. Framkvæmdastjóri kynnir.

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir fyrir sitt leyti drög að nýjum samstarfssamningi sveitarfélaganna og drög að samstarfssamningi skíðasvæðanna og ÍTR. Drög að ofangreindum samningum verði send til efnislegrar umræðu, afgreiðslu og staðfestingar á vettvangi aðildarsveitarfélaganna. Að lokinni afgreiðslu sveitarfélaganna er framkvæmdastjóra SSH falið að undirrita samstarfssamninginn við ÍTR fyrir hönd sveitarfélaganna.

Beiðni um meðferð á vettvangi sveitarfélagsins:

Meðfylgjandi eru drög að nýjum samstarfssamningi um rekstur skíðasvæðanna. Er farið fram á að þau verði tekin til efnislegrar umræðu og staðfestingar á vettvangi sveitarfélagsins og að framkvæmdastjóra þess verði veitt fullt og ótakmarkað umboð til undirritunar samningsins.

Þá eru send til staðfestingar drög að samningi SSH fyrir hönd sveitarfélaganna við ÍTR varðandi þau verkefni sem ÍTR eru falin tengd starfsemi skíðasvæðanna.

Er þess óskað að upplýsingar um afgreiðslu sveitarfélaganna samkvæmt framangreindu berist á netfangið ssh@ssh.is eigi síðar en 1. mars næstkomandi.

Sé frekari kynningar óskað á framangreindu skulu beiðnir þess efnis jafnframt sendar á netfangið ssh@ssh.is.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd SSH


Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Meðfylgjandi:

Drög að samstarfssamningi sveitarfélaganna um rekstur skíðasvæðanna.

Drög að samningi við ÍTR – fylgiskjal með samningi.

Minnisblað Hildigunnar Hafsteinsdóttur, dags. 14. janúar 2022.

Skipurit og ferli ákvarðana – skýringarmyndir.

Fylgiskjal 1

við samstarfssamning sveitarfélaga um rekstur Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins

Í samræmi við grein 2.3 í samstarfssamningi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um rekstur skíðasvæðanna gera SSH f.h. sveitarfélaganna og Íþrótt- og tómstundarsvið Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnt ÍTR) með sér eftirfarandi samning:

1. gr.

ÍTR skal vinna að gerð starfs- og fjárhagsáætlunar sem lögð skal fyrir samstarfsnefnd skíðasvæðanna til frekari mótunar. ÍTR ber ábyrgð á fjárreiðum, bókhaldi og uppgjörsmálum og ýmsum öðrum þjónustupáttum við skíðasvæðin sbr. eftirfarandi:

Bókhald:

- Móttaka reikninga og skráning bókhalds.
- Uppgjör, - milliuppgjör og ársuppgjör.
- Gerð sölureikninga.
- Afgreiðslukerfi og tekjuskráningu.
- Afstemming bankareikninga.
- Umsjón með viðskiptakröfum og innheimtu

Fjármál og endurskoðun:

- Fjárhagsáætlanagerð.
- Almennar forsendur fjárhagsáætlunar skíðasvæðanna skulu lagðar fyrir eigendavettvang skíðasvæðanna fyrir 15. ágúst ár hvert. Að því loknu vinnur ÍTR tillögu að fjárhagsáætlun sem lögð er fyrir samstarfsnefndina.
- Samskipti við innkaupa- og framkvæmdaráð vegna útboðsmála.
- Samskipti við Umhverfis- og skipulagssvið vegna framkvæmda og viðhalds og eftirlits með eignum.
- Tillögugerð vegna gjaldskrármála.
- Endurskoðun í samræmi við endurskoðun borgarstofnana.
- Annast uppgjör við sveitarfélögin. Við uppgjör hvers ár skal miðað við íbúatölu sveitarfélaganna 1. des. síðastliðins árs.

Starfsmannamál:

- Gerð og skráning ráðningarsamninga
- Greiðsla launa
- Umsjón með skattkortum og uppgjöri skattgreiðslna
- Umsjón með skilum gjalda launþega
- Stuðningur við stjórnendur vegna kjaramála og almennra starfsmannamála

Almenn skrifstofuþjónusta:

- Boðun funda
- Skráning fundargerða
- Almenn skjalavarsla
- Undirbúningur funda
- Útsending bréfa og fundargerða
- Gerð samninga
- Lögfræðiþjónusta

- Forstöðumaður skíðasvæðanna fær aðstöðu hjá ÍTR.

2. gr.

Starfsmenn skíðasvæðanna eru starfsmenn ÍTR og um þá gildir starfsmannastefna Reykjavíkurborgar.

3. gr.

Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar annast fjármála- og stjórnsýsluúttekt eins og á öðrum rekstri Reykjavíkurborgar.

4. gr.

ÍTR mun leggja þau mál sem þurfa þykir fyrir innkaupa- og framkvæmdaráð og innkaupaskrifstofu í samræmi við innkaupareglur Reykjavíkurborgar nema kveðið sé á um aðra tilhögun í samningum aðila um innkaup og framkvæmdir. Um ákvarðanir um gerð samninga vegna innkaupa, viðhalds og framkvæmda verður farið eftir reglum Reykjavíkurborgar, nema kveðið sé á um aðra tilhögun í samningum aðila um innkaup og framkvæmdir.

5. gr.

Tillögur ÍTR að gjaldskrá skulu lagðar fyrir samstarfsnefnd skíðasvæðanna eftir að forsendur fjárhagsáætlunar hverju sinni liggja fyrir.

6. gr.

Tillögur ÍTR að áætlun um framkvæmdir og sundurliðun fjárveitinga til áhalda- og tækjakaupa, nýframkvæmda og stærri viðhaldsverkefna skal leggja fyrir samstarfsnefnd skíðasvæðanna og eigendavettvang skíðasvæðanna.

7. gr.

ÍTR skal á þriggja mánaða fresti senda fjárhagsupplýsingar, milliuppgjör og upplýsingar um stöðu framkvæmda til eigendavettvangs skíðasvæðanna og aðildarsveitarfélaganna. Samstarfsnefnd skíðasvæðanna hefur eftirlit með þjónustusamningi þessum.

Reykjavík,

Samtök sveitarfélaga
á höfuðborgarsvæðinu

Íþrótt- og tómstundasvið
Reykjavíkurborgar

Samstarfssamningur sveitarfélaga um rekstur Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins

Sveitarfélögin Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg og Seltjarnarnes reka í sameiningu „Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins“, hér eftir einnig nefnd SHB, eins og nánar er tilgreint í samstarfssamningi þessum. Samningurinn nær til starfsemi og reksturs SHB í Bláfjöllum og í Skálafelli.

Í samningi þessum er fjallað um stjórnunarleg og fjárhagsleg atriði og skuldbindingar aðila vegna þessa samstarfs.

1. Tilgangur, framtíðarsýn og meginmarkmið

1.1. Framtíðarsýn

Sveitarfélögin hafa sett sér eftirfarandi framtíðarsýn vegna reksturs skíðasvæðanna:

- Að skíðasvæðin skapi og veiti fjölskyldum í sveitarfélögunum fjölbreytta aðstöðu og tækifæri til að njóta útiveru, hreyfingar og skemmtunar í öruggu umhverfi, og að uppeldis- og kynningarstarf sem tengist útivist, lýðheilsu og umgengni við náttúruna verði eftt.
- Að með rekstri skíðasvæðanna verði sköpuð aðstaða fyrir þá íþróttamenn sem stunda skíðamennsku sem afreksíþrótt.
- Að markviss kynning á skíðasvæðunum meðal grunnskólanema, foreldra og almennings í sveitarfélögunum verði aukin. Jafnframt verði öllum grunnskólanemum í þeim sveitarfélögum sem að rekstri skíðasvæðanna koma veittur afsláttur af aðgangi að skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins. Þá verði leitast við að auka upplýsingastreymi um starfsemi skíðasvæðanna, m.a. á netinu og með útgáfu kynningarefnis.
- Að lögð verði áhersla á aukna öryggis- og gæðastjórnun í öllum rekstrarþáttum og í því skyni verði á samningstímanum gerðar kannanir meðal gesta og starfsfólks um gæði starfsemi skíðasvæðanna.
- Að lögð verði áhersla á að starfsemi skíðasvæðanna sé í sem bestri sátt við umhverfið. Komið verði á verkferlum um umhverfismál þannig að tryggt sé að umgengni við náttúruna sé til fyrirmyndar. Starfsemi skíðasvæðanna skal vera til samræmis við heimsmarkmið SP.
- Að í gildi verði skýrt skipulag innviða á skíðasvæðunum, svo sem í vatns-, veitu- og skálamálum.

1.2. Meginmarkmið

Meginmarkmið samningsins er að stuðla að góðri þjónustu skíðasvæðanna gagnvart iðkendum. Með samningnum er einnig leitast við að tryggja sem besta nýtingu þess fjár sem lagt er til skíðasvæðanna með langtímaákvörðunum. Í þessu felst m.a. að skíðasvæðin viðhaldi getu til að aðlagða starfsemi sína að breyttum kröfum og nýjum forsendum og að starfsfólk

skíðasvæðanna búi á hverjum tíma yfir nægjanlegri þekkingu og reynslu til að ná fram þessum markmiðum.

2. Eigendavettvangur, samstarfsnefnd og rekstrarfyrirkomulag

2.1 Eigendavettvangur skíðasvæðanna

Fulltrúar sveitarfélaganna í stjórn SSH hverju sinni mynda eigendavettvang vegna reksturs skíðasvæðanna. Á eigendavettvangi skal árlega fjallað um starfs- og fjárhagsáætlun skíðasvæðanna, sem og önnur mál er varða stefnumótun eða meiri háttar fjárhagslegar ákvarðanir sem ekki er mætt í samþykktum áætlunum. Fulltrúar úr samstarfsnefnd skíðasvæðanna skulu boðaðir á fundi eigendavettvangs eftir þörfum og eins getur samstarfsnefndin kallað eftir aðkomu að fundum eigendavettvangs í tengslum við umfjöllun um einstök mál.

Eigendavettvangurinn fær til afgreiðslu tillögur samstarfsnefndar skíðasvæðanna, sbr. gr. 2.2, um framangreint og sendir aðildarsveitarfélögum til kynningar svo fremi að um sé að ræða áætlanir eða tillögur sem falla innan samþykktra fjárheimilda og eru til samræmis við fyrirliggjandi stefnumótun skíðasvæðanna. Leiði tillögur samstarfsnefndarinnar til aukinna fjárhagsskuldbindinga aðildarsveitarfélaganna umfram grunnforsendur fjárhagsáætlana eða feli í sér frávik frá fyrirliggjandi stefnumótun skal eigendavettvangurinn fullmóta slíkar tillögur og senda til aðildarsveitarfélaganna til samþykktar.

Fundargerðir eigendavettvangsins skulu sendar sveitarfélögum og samstarfsnefnd skíðasvæðanna til kynningar.

Vegna ákveðinna sértækra verkefna getur eigendavettvangur sett á fót sérstaka verkefnahópa til að fylgja þeim eftir, annast eftirlit með framgangi þeirra og annast upplýsingamiðlun til eigendavettvangs og annarra hagaðila, sbr. t.d. verkefnahóp vegna uppbyggingar og reksturs skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Slíkir verkefnahópar skulu halda sérstakar fundargerðir og skulu þær sendar eigendavettvangi og samstarfsnefnd skíðasvæðanna til kynningar.

2.2 Samstarfsnefnd skíðasvæðanna

Sérstök nefnd, Samstarfsnefnd skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, starfar í umboði þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að samningnum.

Aðildarsveitarfélögin kjósa hvert um sig einn fulltrúa til setu í samstarfsnefndinni og einn til vara. Kjörgengir til setu í samstarfsnefndinni eru allir aðal- og varamenn í sveitarstjórnnum þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að samstarfssamningi um rekstur skíðasvæðanna. Hver fulltrúi fer með eitt atkvæði. Ef atkvæði falla jöfn ræður atkvæði formanns. Sveitarfélögin skulu tilnefna fulltrúa sinn til setu í nefndinni að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum. Formaður og varaformaður skulu kosnir á fyrsta fundi eftir sveitarstjórnarkosningar. Kjörtímabil samstarfsnefndarinnar er það sama og kjörtímabil sveitastjórnar.

Hvert sveitarfélag greiðir sínum fulltrúa fyrir fundarsetu í samstarfsnefnd skíðasvæðanna.

Meginhlutverk samstarfsnefndar skíðasvæðanna er:

1. Að móta tillögu um stefnumótun skíðasvæðanna.
2. Að móta tillögu að starfs- og fjárhagsáætlun á grundvelli stefnumótunar skíðasvæðanna, sbr. gr. 2.4.
3. Að hafa eftirlit með rekstri og fjárfestingum í umboði sveitarfélaganna.
4. Samstarfsnefnd skíðasvæðanna ásamt stjórnendum skíðasvæðanna skal hafa nána samvinnu við hagaðila skíðasvæðanna.

Halda skal fundi í samstarfsnefndinni að jafnaði einu sinni í mánuði. Fella má niður fundi í allt að tvo mánuði að sumarlagi. Þess utan metur formaður þörf fyrir frekari fundahöld. Þó skal halda fund komi um það skrifleg ósk frá stjórnarmanni. Samstarfsnefndin skal halda fundargerðabók og senda afrit af fundargerðum til eigendavettvangs skíðasvæðanna. Sviðsstjóri Íþrótt- og tómstundasviðs Reykjavíkur (ÍTR), forstöðumaður skíðasvæðanna, svo og aðrir stjórnendur ÍTR eftir atvikum, sitja fundi samstarfsnefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Fulltrúi Umhverfissviðs Kópavogs hefur heimild til setu á fundum nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi.

2.3 Rekstrarfyrirkomulag

Rekstur skíðasvæðanna svo sem starfsmannahald, fjárreiður og bókhald verður á vegum ÍTR skv. sérstökum þjónustusamningi þar um, sbr. fylgiskjal 1.

Fjárhagsupplýsingar og milliuppgjör skulu send á þriggja mánaða fresti til eigendavettvangs og aðildarsveitarfélaganna, og er það á ábyrgð ÍTR að senda þessar upplýsingar.

2.4 Starfs- og fjárhagsáætlanir

Samstarfsnefnd skíðasvæðanna skal fyrir 20. september ár hvert móta tillögu að starfs- og fjárhagsáætlun skíðasvæðanna á komandi rekstrarári. Skal í starfs- og fjárhagsáætlun gera grein fyrir m.a. fyrirhuguðum fjárfestingum, framkvæmdum og tillögu um gjaldskrá komandi árs. Þá skal gerð grein fyrir tillögum um opnunartíma og þjónustu á skíðasvæðunum og skulu forsendur starfs- og fjárhagsáætlunar taka mið af þeim. Fjárhagsáætlun skal ná til komandi árs og næstu þriggja ára þar á eftir. Framangreindar áætlanir skulu lagðar fyrir eigendavettvang sbr. grein 2.1.

2.5 Rekstrarframlög eigenda

Til að sinna þeim verkefnum sem samningurinn kveður á um skal fjárveiting til reksturs og framkvæmda á skíðasvæðunum vera í samræmi við árlega starfs- og fjárhagsáætlun og forsendur hennar, sjá fylgiskjal 1. Sveitarfélögin skipta með sér kostnaði við rekstur og framkvæmdir, þ.m.t. nýframkvæmdir, miðað við íbúafjölda 1. desember næstliðins árs. Fjárhagsáætlun skíðasvæðanna er háð samþykki á fjárhagsáætlun sveitarfélaga ár hvert.

Fyrir liggur samkomulag sveitarfélaganna um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, dags. 7. maí 2018, ásamt síðari viðaukum og skal tekið tillit til þess við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

Fyrir liggja á hverjum tíma samþykktir deiliskipulagsskilmálar fyrir skíðasvæðin. Skulu allar framkvæmdir vera í samræmi við þá skilmála.

2.6 Eignfærsla

Aðildarsveitarfélög SHB eru eigendur allra þeirra mannvirkja sem tengjast skíðaiðkun og eru í fólkvangi Bláfjalla og í Skálafelli að undanskildum eigum Íþróttafélaganna.

Ef aðildarsveitarfélag hættir samstarfinu, getur það ekki gert kröfu um endurgreiðslu fjárfestingarframlagsins. Verði hins vegar samkomulag um að leysa upp samstarfið, skal reikna fjárfestingarframlag hvers sveitarfélags til samstarfsins frá upphafi samstarfsins, til verðlags á upplausnardegi og fá þannig eignarhlutdeild hvers sveitarfélags í þeim heildarverðmætum sem fyrir eignarinnar kann að fást við sölu, eða kann að verða til skipta með öðrum aðferðum.

3. Starfsmannamál

Sviðsstjóri ÍTR ræður forstöðumann skíðasvæðanna að höfðu samráði við samstarfsnefnd skíðasvæðanna. Forstöðumaður fer með stjórn á öllum daglegum rekstri skíðasvæðanna. Forstöðumaður skíðasvæðanna er starfsmaður ÍTR, og næsti yfirmaður hans er sviðsstjóri. Aðrir starfsmenn skíðasvæðanna eru ráðnir af forstöðumanni og eru starfsmenn ÍTR.

Skíðasvæðin falla með sama hætti og aðrir starfsstaðir ÍTR inn í skipurit ÍTR.

4. Önnur ákvæði

4.1. Breytingar á samstarfssamningi

Óski önnur sveitarfélög eftir því að taka þátt í samstarfi þessu, eða komi upp hugmyndir um breytingar á þessum samstarfssamningi, skal samkomulag þar að lútandi háð samþykki allra sveitarfélaganna sem aðild eiga að þessum samstarfssamningi. Sama gildir ef tillaga kemur fram um að leggja starfsemina niður og leysa upp það samstarf sem á samþykktum þessum byggir. Hvert sveitarfélag getur einhliða ákveðið að hætta þátttöku í samstarfinu að loknum þeim skuldbindingum sem sveitarfélagið hefur tekið á sig samkvæmt gildandi samstarfssamningum.

5. Gildistaka og endurskoðunarákvæði

Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2022. Hann skal endurskoða eftir þörfum, með hliðsjón af reynslu af framkvæmd hans og þeim breytingum sem hugsanlega hafa orðið á stjórnskipulagi og stofnsamningum byggðasamlaga á höfuðborgarsvæðinu. Þá skal samningurinn endurskoðaður samkvæmt kröfu einstakra samningsaðila.

Reykjavík, XX.XXX.XXXX

F.h. sveitarfélaga

Reykjavík

Kópavogur

Hafnarfjörður

Garðabær

Mosfellsbær

Seltjarnarnesbær



MINNISBLAÐ

TIL: PÁLS BJÖRGVINS GUÐMUNDSSONAR FRAMKVÆMDASTJÓRA SSH
FRÁ: HILDIGUNNI HAFSTEINSDÓTTUR, LÖGFRÆÐINGI SSH
EFNI: SKÍÐASVÆÐIN – SAMSTARFSSAMNINGUR UM REKSTUR
DAGS: 14. JANÚAR 2022

Samstarfssamningur sveitarfélaga um rekstur Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, sem sveitarfélögin Mosfellsbær, Reykjavíkurborg, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær og Hafnarfjörður eru aðilar að, tók gildi hinn 1. janúar 2017.

Samningnum var markaður ákveðinn gildistími og var í 5. gr. hans að finna ákvæði um gildistöku, gildistíma og endurskoðun, en þar kemur fram að samningurinn gildi árin 2017-2021 og að aðilar skuli fyrir 1. maí 2020 ákveða sameiginlega hvort stefnt skuli að gerð nýs samstarfssamnings áður en samningurinn renni út.

Samhliða umræddum samningi var gerður þjónustusamningur milli SSH og ÍTR um rekstur skíðasvæðanna, þar sem nánar var kveðið á um hlutverk ÍTR hvað varðar m.a. starfsmannahald, fjárreiður og bókhald.

Á 524. fundi stjórnar var ákveðið að unnin yrðu drög að nýjum samningi, m.a. í samstarfi við Samstarfsnefnd skíðasvæðanna.

Unnið hefur verið að nýjum drögum, m.a. með það markmið að skýra verkferla og verksvið samstarfsnefndarinnar með nýjum samningi. Drög að nýjum samningum, þ.e. annars vegar um rekstur Skíðasvæðanna, og hins vegar um hlutverk og aðkomu ÍTR voru lögð fyrir 532. fund stjórnar og kynnt samstarfsnefndinni á fundi hennar hinn 8. desember 2021.

Í framhaldi þess var unnið áfram með drögin, m.a. með tilliti til athugasemda nefndarinnar, og voru ný drög kynnt samstarfsnefndinni á fundi hennar hinn 12. janúar 2022.

Á grundvelli framangreindrar vinnu eru fullunnin drög að ofangreindum samningum lögð fyrir 535. fund stjórnar. Er gerð tillaga um að drögum að samstarfssamningi sveitarfélaga um rekstur Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, sem er markaður gildistími frá 1. janúar 2022, verði vísað til efnislegrar umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélaganna og farið er fram á að framkvæmdastjórum þeirra verði í kjölfarið falið fullt og ótakmarkað umboð til undirritunar samningsins. Er jafnframt lagt til að framkvæmdastjóra SSH sé, í kjölfar afgreiðslu sveitarfélaganna, falið að undirrita samstarfssamning SSH við ÍTR.

HH

Skipurit skíðasvæðanna



